

Hvers vegna sameining?

- Verkfræðingar og tæknifræðingar eiga samleið á grundvelli menntunar og starfa og saman eru þeir sterkari heild út á við. **Ekki verða breytingar á lögvernduðum starfsheitum.**
- Það er til hagsbóta fyrir verkfræðinga og tæknifræðinga að samræma afstöðu sína til menntunarmála, kjaramála og annarra hagsmunamála og berjast fyrir þeim hlið við hlið.
- Atvinnumál eru langstærsta hagsmunamál stéttarinnar og þeim verður best sinnt í einu öflugum félagi.
- Félögin hafa staðið saman að kjaramálum og samningamálum um áratugaskeið, það samstarf styrkist og einfaldast við samrunann.
- Stærra félag er öflugra og hefur meiri slagkraft. Til dæmis í kynningarstarfi og gagnvart yfirvöldum í menntunarmálum.
- Mikilvægt er að þessar stéttir vinni vel saman að hagsmunamálum sínum, sérstaklega gagnvart yfirvöldum til dæmis varðandi fræðslu og jákvæða ímyndarsköpun.
- Sameining einfaldar starf og skipulag skrifstofu sem eykur hagræði og bætir þjónustuna. Einfaldari rekstur skapar sóknarfæri til að sinna innri málum betur og sækja fram í verkefnum sem koma félagsmönnum til góða.